



## Fundargerð

### 5. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., miðvikudaginn 19. október 2022, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Helga Björg Helgadóttir, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Fulltrúar UTU komu til fundar hjá hreppsnefnd Ásahrepps undir fyrsta dagskrárlið.

#### 1. Kynning á starfsemi Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs - 2210001

Fulltrúar UTU koma á fund hreppsnefndar og kynna starfsemi embættisins.

#### Gestir

Davíð Sigurðsson - 08:30

Jóhannes Símonarson - 08:30

Vigfús Þór Hróbjartsson - 08:30

*Jóhannes, Vigfús og Davíð kynntu starfsemi UTU, þ.e. embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Umræða var um starfsemi UTU og fyrirspurnum hreppsnefndarfulltrúa svarað.*

#### 2. Fundargerð 246. fundar skipulagsnefndar UTU - 2210022

Lögð fram fundargerð 246. fundar skipulagsnefndar UTU, ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-170.

*Mál nr. 23; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-170 - 2209002F.*

*Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-170 til kynningar.*

#### 3. Fundargerð 247. fundar skipulagsnefndar UTU - 2210033

Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-171.

*Mál nr. 1; Hellatún lóð C L201666; Fjallstún; Breytt heiti lóðar - 2209092.*

*Lögð er fram umsókn Hugrúnar Fjólu Hannesdóttur um breytt staðfang. Óskað er eftir því að lóðin Hellatún lóð C L201666 fái staðfangið Fjallstún. Lóðin er innan deiliskipulags fyrir íbúða- og landbúnaðarlóðir við Laufásveg úr landi Hellatúns. Í umsókninni liggur fyrir rökstuðningur um nýtt staðfang.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við nýtt staðfang lóðarinnar.*

*Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-171 - 2209005F.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'VH', 'HBT', and 'LW'.*

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-171 lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð 3. fundar stjórnar Odda bs - 2210003**

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Odda bs. 5. dagskrárliður þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps.

*Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Odda bs. 5. dagskrárliður þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa afgreiðslu liðarins til 23. dagskrárliðar þessa fundar.*

*Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.*

**5. Fundargerð 3. fundar félagmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu - 2210021**

Lögð fram fundargerð 3. fundar félagmálanefndar. Óskað er eftir staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps endurskoðuðum reglum félagsþjónustunnar. Lagðar fram tillögur að endurskoðuðum reglum ásamt skýringum.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirleggjandi endurskoðun á a) Reglum um stuðningsþjónustu við fólk 18 ára og eldra, b) Reglum um um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, og c) Reglur um starfsfólk félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem veita stoð og stuðningsþjónustu.*

**6. Fundargerð 1. fundar Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2022-2026 - 2210030**

Lögð fram fundargerð 1. fundar Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2022-2026. Dagskrárliðir 3.2, 3.5 og 3.6 þurfa afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps.

*3.2. Náttúru- og gróðurverndarnefnd.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps skipar Karl Ölvisson sem fulltrúa Ásahrepps í nefndinni og Hulda Brynjólfsdóttir til vara.*

*3.5. Umferðaröryggisnefnd.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps skipar Þráinn Ingólfsson sem fulltrúa Ásahrepps í nefndinni og Grétar H. Guðmundsson til vara.*

*3.6. Öldungaráð.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps skipar Jónas Jónsson sem fulltrúa Ásahrepps í nefndinni og Fanney Björg Karlsdóttir til vara.*

*Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar því að stofnsamþykktir Héraðsnefndar verði endurskoðaðar sem fyrst með hliðsjón af raunverulegum tilgangi og breyttu lagaumhverfi. Einnig vill hreppsnefnd benda á nauðsyn þess að endurskoða þóknanir fyrir nefndarstörf með hliðsjón af öðrum þóknunum sveitarfélögunna fyrir önnur nefndarstörf.*

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Fundargerð aukafundar stofnenda Arnardrangs hses - 2210034**

Lögð fram fundargerð aukafundar stofnenda Arnardrangs hses, dags. 7. október 2022 ásamt samþykktum sem hefur verið breytt.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti endurskoðaðar samþykktir og staðfestir fyrir sitt leyti kjör stjórnar sem fór fram 30. júní 2022.*

**8. Fundargerð 4. fundar stjórnar Odda bs. - 2210004**

Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Odda bs.  
Jafnframt lagt fram bréf forstöðumanns skólaþjónustunnar ásamt minnisblöðum, sem eru gögn  
3. dagskrárliðar fundargerðar sem fjallar um stöðu náms- og starfsráðgjafa.

*Til kynningar.*

**9. Fundargerð almannavarnarnefndar, dags. 3. október 2022 - 2210023**

Lögð fram fundargerð almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 3.  
október 2022.

*Til kynningar.*

**10. Fundargerð 2. fundar stjórnar Lundar - 2210024**

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Lundar.

*Til kynningar.*

**11. Fundargerð 3. fundar stjórnar Lundar - 2210025**

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Lundar.

*Til kynningar.*

**12. Fundargerð 105. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJP - 2210035**

Lögð fram fundargerð 105. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Til kynningar.*

**13. Fundargerð 312. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2210011**

Lögð fram fundargerð 312. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Til kynningar.*

**14. Fundargerð 313. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2210015**

Lögð fram fundargerð 313. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Til kynningar.*

**15. Fundargerð 221. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2210014**

Lögð fram fundargerð 221. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Til kynningar.*

**16. Fundargerð 43. fundar stjórnar Bergrisans bs - 2210008**

Lögð fram fundargerð 43. fundar stjórnar Bergrisans bs.

*Til kynningar.*

**17. Fundargerð 44. fundar stjórnar Bergrisans bs - 2210009**

Lögð fram fundargerð 44. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Katr. HBH  
EJ  
BJ  
MS  
29

Til kynningar.

**18. Fundargerð 45. fundar stjórnar Bergrisans bs - 2210017**

Lögð fram fundargerð 45. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

**19. Fundargerð 46. fundar stjórnar Bergrisans bs - 2210018**

Lögð fram fundargerð 46. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

**20. Fundargerð 51. fundara stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2210028**

Lögð fram fundargerð 51. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

**21. Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2210026**

Lögð fram fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

**22. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023-2026 - 2210031**

Fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2023-2026 lögð fram.

*Lögð fram frumdrög að fjárhagsáætlun 2023-2026. Ljóst er að fjárhagsáætlanir byggðasamlaga eru ekki komnar fram og þess vegna forsendur ekki nægjanlega skýrar. Áætlunin mun taka breytingum í takt við afgreiðslur stjórna byggðasamlaga á fjárhagsáætlunum. Fjárhagsáætluninni vísað til næsta fundar hreppsnefndar sem haldinn verður 16. nóvember n.k.*

**23. Viðauki 4 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2022 - 2210032**

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Odda, en bókun 5. dagskrárliðar felur í sér viðauka við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2022. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun Bergrisans bs 2022 ásamt útreikningi á áætlaðri fjárförf umfram framlög árið 2022.

*Fyrir liggur tillaga frá stjórn Odda bs. að samþykktur verði viðauki að upphæð kr. 4.237.668. Einnig liggur fyrir að aukin kostnaður vegna framlaga til Bergrisans bs á árinu 2022 verði kr. 3.375.080.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir Viðauka 4 við fjárhagsáætlun ársins 2022 að upphæð kr. 7.612.748. Þessum kostnaðarauka verður mætt með að ganga á handbært fé. Sveitarstjóra falið að útfæra viðauka í samstarfi við KPMG og skila inn til lögbundinna aðila.*

**24. Deiliskipulög fyrir skála á Holtamannafrétti - 2210007**

Lagt fram tölvuskeyti Eflu, dags. 21. september 2022, ásamt drögum að deiliskipulagi skála á Holtamannafrétti. Um er að ræða skálana Versalir, Hrauneyjafossstöð og Þóristungur, Gásagustur, Hald og Hvanngiljahöll.

*Hreppsnefnd Ásahrepps er sátt við þessar tillögur að deiliskipulagi skálasvæðanna. Ísleifi og Valtý falið að eiga fund með Eflu og yfirfara skipulögin og koma þeim í auglýsingu.*

**25. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2210025**

Lagt fram ástandsmat vegna endurbóta á Ásgarði, sem Verkís vann í nóvember 2015.

*Búið er að óska eftir því við Verkís að uppfæra tölur í ástandsmatinu. Endurskoðað ástandsmat og kostnaðartölur verða lagðar fram á fundi hreppsnefndar þegar það liggur fyrir. Samþykkt samhljóða að koma ofnunum upp í húsinu svo það standi ekki óupphitað.*

**26. Beiðni um samstarfssamning og fjárstyrk vegna íþróttastarfs Skotíþróttafélagsins Skyttna - 2210002**

Lagt fram bréf Skotíþróttafélagsins Skyttna, dags. 18. september 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til félagsins til að uppbyggingar barna- og unglíngastarfs í skotgreinum í Rangárvallasýslu.

Jafnframt er lagt fram tölvuskeyti frá félaginu, dags. 19. september 2022 þar sem óskað er eftir viðræðum um samning milli Ásahrepps og félagsins vegna íþróttastarfs.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja félagið á næsta ári að upphæð kr. 250.000. Jafnframt lýsir hreppsnefnd yfir vilja til þess að ganga til samninga við félagið um æskulýðsstarf félagsins.*

**27. Beiðni um fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu - 2210005**

Lagt fram bréf Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu, dags. 28. september 2022, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna æskulýðsmóts 2022. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 20.000.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.*

**28. Umsókn um fjárveitingu til uppsetningar og viðhalds áningahólfa - 2210012**

Lagt fram erindi reiðveganefndar Hestamannafélagsins Geysis þar sem óskað er eftir fjárveitingu til uppsetningar og viðhalds áningahólfa á félagssvæði Geysis.

*Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að nýlega hafi hreppsnefndin skipað nefnd sem hefur með málefni reiðvega að gera. Rétt er að reiðveganefnd Geysis verði í sambandi við þá nefnd sem er að vinna að stefnumörkun í þessum málaflokki.*

**29. Beiðni um fund til að kynna hugmyndir um Búrfellslund - 2210013**

Lagt fram tölvuskeyti Landsvirkjunar, dags. 26. september 2022, þar sem óskað er eftir að fulltrúar Landsvirkjunar fái að koma á fund hreppsnefndar Ásahrepps til að kynna það sem er í þróun í sambandi við vindorku á Þjórársvæðinu.

*Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í erindið. Sveitarstjóra falið að finna tíma sem hentar.*

**30. Erindi Unicef á Íslandi um ungmennaráð - 2210019**

Lagt fram bréf Unicef á Íslandi, dags. 28. september 2022, þar sem kynnt eru ráð ungmenna til ráðamanna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fyrir erindið. Ásahreppur á fulltrúa í ungmennaráði Suðurlands.*

**31. Beiðni um kaup á auglýsingu í skólablaðinu Vörðunni, Laugalandsskóla - 2210020**

Lagt fram tölvuskeyti Laugalandsskóla, dags. 29. september 2022, þar sem Ásahreppi er boðið að auglýsa í skólablaðinu Vörðunni.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kaupa heilsíðu auglýsingu að upphæð kr. 20.000.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HBT', 'LW', and others.*

**32. Tilkynning um aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga - 2210027**

Lagt fram tölvuskeyti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2022, þar sem kynnt er að aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 11. nóvember n.k.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Ísleifur Jónasson verði fulltrúi Ásahrepps á fundinum.*

**33. Jólahaðborð fyrir starfsfólk Rangárþings ytra, Ásahrepps og Odda bs - 2210029**

Lagt fram tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 10. október 2022, þar sem óskað er eftir afstöðu Ásahrepps gagnvart sameiginlegu jólahaðborði fyrir starfsmenn sveitarfélaganna og Odda bs. Þessi viðburður kemur í stað árhátíðar sem ekki hefur verið haldin í ár.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að standa að þessum viðburði í samstarfi við Rangárþing ytra og koma með fjárframlag til verkefnisins að upphæð kr. 200.000.*

**34. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram málaflökkayfirlit Ásahrepps fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2022.

*Til kynningar.*

**35. Áskorun Félags atvinnurekenda o.fl. vegna fasteignagjalda - 2210006**

Lögð fram sameiginleg áskorun Félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Landssambands eldri borgara, dags. 21. september 2022, þar sem lúta að hækkun fasteignamats og fasteignagjalda.

*Til kynningar.*

**36. Ályktun aðalfundar Skógræktarfélag Íslands - 2210010**

Lögð fram ályktun aðalfundar Skógræktarfélag Íslands, dags. 22. september 2022 sem lýtur að framkvæmdaleyfum vegna skógræktar.

*Til kynningar.*

**37. Kynning á Daðahúsi, Flúðum, sem rekið er af Landssamtökunum Þroskahjálpi - 2210016**

Lagt fram tölvuskeyti Landssamtakanna Þroskahjálpi, dags. 27. september 2022, þar sem kynnt er möguleika á leigu Daðahúss sem staðsett er á Flúðum.

*Til kynningar.*

**38. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 16. nóvember 2022.


Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps og hefst kl. 8:30.


*Til kynningar.*


Fundi slitið kl. 13:10.


KH.  
HBT  
JJ  
SI  
32  
KJL  
B


  
Ísleifur Jónsson

  
Nanna Jónsdóttir

  
Kristín Hreinsdóttir

  
Helga Björg Helgadóttir

  
Þráinn Ingólfsson

  
Valtýr Valtýsson